

Ársskýrsla Hríseyjarskóla 2019-2020

Manngildi – þekking - metnaður



**Þórunn Björg Arnórsdóttir.
Júní 2020**

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Skólastarfið	4
Almennt	4
Skólinn	4
Stjórnun	4
2. Tölulegar upplýsingar	5
Nemendafjöldi grunnskóladeildar sl. 5 ár	5
Nemendafjöldi leikskóladeildar sl. 5 ár	5
3. Starfsfólk	6
Endurmenntun starfsfólks	6
4. Nemendur	6
Nemendalisti grunnskóladeildar	6
Nemendalisti leikskóladeildar	7
Nemendaráð	9
Félagslíf	9
5. Skólastarfið	7
Skólasetning	7
Niðurstöður úr samræmdum prófum.	8
6. Grunnskóladeild	10
Hefðir og venjur skólaársins	10
Öðruvísi dagar	12
Lestraráttak	8
7. Leikskóladeild	13
Dagskipulag leikskólans	13
Starf leikskóladeildar	14
8. Foreldrasamstarf	15
Samstarf foreldrafélags og skóla	15
Samstarf við foreldra	16
9. Fagleg vinna og áherslur	16
10. Bókasafn	16
11. Mötuneyti	16
12. Búnaður og innkaup	17

Hríseyjarskóli

13.	Skýrslur frá kennurum	17
	Skýrsla kennara í 2.-5. bekk	17
	Skýrsla kennara í 6. – 8. bekk	17
	Skýrsla kennara í 8. – 10. bekk	18
14.	Lokaorð	18

Inngangur

Ársskýrsla Hríseyjarskóla inniheldur upplýsingar um báðar deildir skólans. Markmið með útgáfunni er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem fram fer í skólanum, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu. Hún mun nýtast sem góð heimild um skólastarfið í heild sinni frá ári til árs. Skýrslan er hluti af innra mati skólans og verður birt á heimasíðu. Reynt er að leggja mat á sem flesta þætti og nýta það síðan í umbótaáætlun þar sem þess er þörf. Skólastjóri sá um gerð skýrslunnar.

1. Skólastarfið

Almennt

Hríseyjarskóli er heildstæður samrekinn grunn- og leikskóli og starfar samkvæmt lögum um grunn- og leikskóla. Hann stendur við Hólabraut og er í húsnæði sem tekið var í notkunn 1985. Rekja má sögu skólans aftur til 1906. Eftir að Hríseyjarhreppur og Akureyri voru sameinuð í eitt sveitarfélag telst Hríseyjarskóli einn af grunnskólum Akureyrar. Því fylgjum við skólastefnu Akureyrarbæjar ásamt því að hlúa að sérstöðu okkar. Yfirstjórn Grunnskóla Hríseyjar og Leikskólans Smábæjar var sameinuð haustið 2007 og um áramót 2008-09 var nafn Hríseyjarskóla formlega tekið upp.

Skólinn

Skólinn var byggður árið 1984. Flatarmál er 693,1 fermeter (brúttó).

Grunnskóladeildin og leikskóladeildin eru báðar í húsnæðinu og nýta mynd- og handmenntastofu saman. Mötuneyti skólans er í Hlein sem er staðsett rétt norðan við skólahúsnæðið. Leikskóladeildin nýtir eldhús skólans til morgunverðar. Kennslueldhús skólans er í Íþróttamiðstöðinni.

Fjölnota íþróttahús með sundlaug er við hlið skólans og þar fer fram kennsla í íþróttum og sundi. Leiksvæði við skólann er ca 2700 fermetrar. Lítil sem engin bílaumferð er við skólann svo nemendur nýta mun stærra svæði til útileikja.


Stjórnun

Skólastjóri Hríseyjarskóla ber ábyrgð á starfi skólans en hann sinnir jafnframt kennslu. Skólastjóri er Þórunn Björg Arnórsdóttir.


Deildarstjóri leikskólans er Þórunn Björg Arnórsdóttir, og er hún yfir starfi leikskólans.

2. Tölulegar upplýsingar

Nemendafjöldi grunnskóladeildar sl. 5 ár



Nemendafjöldi leikskóladeildar sl. 5 ár



3. Starfsfólk

Skólaárið 2019-2020 voru eftirfarandi starfsmenn við skólann:

Nafn	Starfsheiti	Netfang
Díana Björg Sveinbjörnsdóttir	Skólaliði	dianabhjaakmennt.is
Helena Sólrún Hilmarsdóttir	Matráður	helena62hjavisir.is
Hermann Jón Erlingsson	Leiðbeinandi leiksk.	hermannhjaakmennt.is
Hrund Teitsdóttir	Umsjónarkennari	hrundthjaakmennt.is
Vilborg Valgeirsdóttir	Umsjónarkennari	vilmahjaakmennt.is
Pórunn Björg Arnórsdóttir	Skólastjóri	thorarnohjaakmennt.is

Endurmenntun starfsfólks

Starfsfólk, annað en kennarar, sótti fræðslunámskeið í Símeý í ágúst.

Á skólaárinu gafst svo kostur á ýmsum námskeiðum, bæði fyrir kennara og annað starfsfólk. 14. ágúst var boðið upp á fjölbreytt starfsþróunarnámskeið fyrir stjórnendur og kennara. Kennarar sóttu menntabúðir. Einn kennari fór á Utís 2019 og Bett í London þá tók annar kennari Talnalykil og fleira og þriðji kennarinn sótti þrjú námskeið á vegum HA. Þá fór einn starfsmaður á Lubbanámskeið.

Mat: Starfsfólk var almennt duglegt að sækja þá fræðslufundi sem voru í boði, bæði fyrir kennara og annað starfsfólk skólans.

Flestir eru sammála um að fræðsla með eftirfylgd á staðnum, sem tengist þá beint vinnu kennara með nemendum, sé það sem kemur sér best.

4. Nemendur

Í grunnskóladeildinni eru 14 nemendur, 9 drengir og 5 stúlkur.

Nemendalisti grunnskóladeildar

1. bekkur Enginn nemandi
2. bekkur Einn drengur

3. bekkur	Einn drengur og ein stúlka
4. bekkur	Einn drengur (1.09-31.01)
5. bekkur	Tveir drengir
6. bekkur	Einn drengur og tvær stúlkur
7. bekkur	Ein stúlka og tveir drengir (1.09-31.01)
8. bekkur	Einn drengur
9. bekkur	Tveir drengir
10. bekkur	Ein stúlka

Nemendalisti leikskóladeildar

Á leikskóladeildinni eru 2 nemendur, 2 stúlkur.

5. Skólastarfið

Skólasetning

Skólasetning grunnskóla Akureyrarbæjar, Hríseyjarskóla var fimmtudaginn 22. ágúst 2019 kl. 8:15. Nemendur mættu á sal skólans ásamt foreldrum sínum, skólastjóri flutti smá ræðustúf og bauð alla velkomna til samstarfs á nýju skólaári. Kennarar voru kynntir og sagt frá helstu breytingum í skipulagi skólastarfs. Síðan fóru nemendur og foreldrar með umsjónarkennara hvernar deildar í stofu. Þar voru ítrekaðar ýmsar upplýsingar um stundaskrá bekkjarins, mötuneyti o.fl.

Viðtalsdagar voru í september þar sem farið var yfir komandi skólaár með nemendum og foreldrum og nemendur settu sér markmið fyrir önnina.

Mat: Viðtalsdagar hafa komið vel út, þar mæta foreldra með börnum sínum í ca. 30 mín.

Í september komu tveir fulltrúar frá Menntamálastofnun til að framkvæma ytra mat á skólanum. Markmið með ytra matinu eru meðal annars að vera skólum hvati til frekari skólaþróunar, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi og efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla. Þungamiðja matsins var stjórnun, nám og kennsla og innra mat skólans.

Mat: Niðurstöður matsins lágu svo fyrir í október og voru kynntar foreldrum. Jákvæðir þættir voru fleiri en neikvæðir. Unnið var að úrbótaáætlun.

Niðurstöður úr samræmdum prófum.

Samræmd könnunarpróf fóru fram vikuna 19. – 20. september. í 7. bekk, 2 nemendur tóku prófin í íslensku og stærðfræði. Framfarir í íslensku og stærðfræði svipaðar og almennt gerist á landsvísu. Prófin í 4. bekk voru 26. og 27. september og tóku 2 nemendur próf í íslensku og stærðfræði.

Prófin í 9. bekk voru 9. - 11. mars og tóku 2 nemendur próf í íslensku, stærðfræði og ensku. Framfarir í íslensku og stærðfræði svipaðar og almennt gerist á landsvísu.

Mat: Farið er vandlega yfir niðurstöður prófanna og unnið út frá þeim með nemendum.

Lesfimi

Fylgst var náið með framförum í lesfimi hjá öllum nemendum skólans samkvæmt áætlun Menntamálastofnunar. Lesfimiþróf voru lögð fyrir alla árganga þrisvar sinnum yfir skólaárið. Ýmis hvetjandi vinna fór fram til að allir gætu séð hjá sér framfarir og náð árangri. Hvatt var til heimalesturs og yndislesturs í skólanum. Stærstur hluti nemenda sýndi framfarir og margir hverjir mjög miklar. Menntamálastofnun skilgreinir lesfimi þannig að hún sé færni sem byggir á nákvæmni, sjálfvirkni og hrynrænum þáttum tungumáls en allir þessir þættir stuðla að lesskilningi. Lesfimi birtist í fyrirhafnarlausum lestri sem lesinn er í viðeigandi hendingum og með réttu hljómfalli. Lesfimi er mikilvæg við upplestur og hljóðlestur og getur bæði takmarkað og stutt við lesskilning. Í lesfimiþrófum er verið að meta lestrarnákvæmni og leshraða. Viðmið 1 er það lágmark sem sett er fram sem viðunandi árangur að vori í hverjum árgangi. Viðmið 3 er því metnaðarfullt viðmið sem ekki er ætlast til að allir nái.

Mat:

Lestraráttak

Í vetur var mikið unnið með læsi. Í október var slegið í lestrarátak í 10 daga og voru lesnar 9401 blaðsíða. Lesari vikunnar var á sínum stað á föstudagmorgnum þar sem nemendur leik- og grunnskóla og starfsfólk las úr sínum uppáhaldsbókum.

Mat: Lestraráttakið gekk vel og voru framfarir hjá mörgum nemendum.

Sudbury

Eftir þróunarverkefnið „leiðtogar í eigin námi“ hafa svo kallaðar „Sudburyvikur“ fest sig í sessi og notið mikilla vinsælda hjá nemendum. Ein vika er á haustönn og önnur á vorönn.

Heitið Sudbury kemur frá Sudbury Valley school, sem stofnaður var árið 1968 í Farmingham, Massachusetts. Í Sudbury skólum eru nemendur sjálfstæðir einstaklingar sem bera fulla ábyrgð á eigin námi. Í skólunum er lýðræði þar sem allir hafa tækifæri til að hafa áhrif í öllum ákvörðunum. Frelsi og gagnkvæm virðing eru lykilhugtök í skólanum.

Okkar markmið með Sudbury vikunum eru:

að koma til móts við nemendur

að sýna nemendum traust og þeir bera fulla ábyrgð á eigin námi

að nemendur velji hvað þeir vilja gera þessa viku

að nemendur njóti þess að vera í skólanum

að nemendur átti sig á að það er hægt að læra á margvíslegan hátt

Hríseyjarskóli

að nemendur gangi vel um og vandi frágang

Nemendur skipuleggja sína viku í samráði við foreldra og fylla inn í dagskipulag þar sem kemur fram hvað þau ætla að gera og hvernig, þau tengja einnig í lykilhæfni. Í lok hvers dags skrifa þau í dagbók þar sem kemur fram hvað þau hafi gert og hvernig það gekk, einnig segja þau frá því hvort þau hafi lært eitthvað nýtt, hvort þau þurftu hjálp o.s.frv. Þau hafa einnig val um að vera með rafræna dagbók – vídeó.

Eftir vikuna eru nemendur með kynningu á verkefnum sínum og bjóða foreldrum að koma og sjá.

Mat: Þessar vikur eru alltaf skemmtilegar og annasamar. Mestu máli skiptir að nemendur séu vel undirbúnir og viti hvað þeir eru að fara að gera, skipulag í stofur þarf að liggja fyrir og vera vel undirbúið.

Nemendaráð

Nemendaráð var skipað nemendum úr eldri deild (9 og 10. bekk) fram að áramótum en þá tók miðdeild (6.-8. bekkur) við og sá um að skipuleggja kvöldvökur í samráði við umsjónarmann. Nemendaráð safnar í sjóð fyrir ferð til Danmerkur sem farin er á nokkurra ára fresti, foreldrar nemenda aðstoða nemendur við söfnunina. Nemendur selja ýmsan varning, safna flöskum og dósum svo eitthvað sé nefnt.

Félagslíf

Nemendaráð sér um kvöldvökur einu sinni í mánuði og eru þær þematengdar. Annars vegar eru kvöldvökur fyrir yngri nemendur frá kl.17:00-18:00. Og fyrir eldri nemendur frá kl. 19:00-21. Díana Björg Sveinbjörnsdóttir sá um gæslu.

Upplýsingatækni

Markvisst hefur verið unnið að því að endurnýja tækjabúnaði í Hríseyjarskóla sem og efla starfsþróun kennara á þessu sviði. Allir nemendur hafa eigin spjaldtölvu auk kennara einnig eru nokkrar hefðbundnar borðtölvur og fartölvur.

Hríseyjarskóli hefur á síðustu árum, í takt við aðra grunnskóla, aukið nýtingu á upplýsingatækni í námi og kennslu. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla felur upplýsingatækni í sér þá hæfni að tileinka sér, umskrifa og skapa þekkingu og miðla henni í samræmi við gefin markmið og siðferðileg viðmið.

Mat: Skólinn er vel settur tækjalega séð. Á næsta skólaári verður unnið að því að fara yfir í Google umhverfið og vinna með það.

Heilsueflandi skóli

Á haustdögum var sótt um að innleiða verkefnið „heilsueflandi grunnskóli“ og eftir áramót hófst vinna við verkefnið. Foreldrum og nemendum gafst kostur á að bjóða sig fram í heilsunefnd og gekk það vel. Í nefndinni sitja:

Þórunn Arnórsdóttir skólastjóri

Hríseyjarskóli

Hrund Teitsdóttir umsjónarkennari

Díana Björg Sveinbjörnsdóttir skólaliði

Zophonías Búi Ólafsson nemandi

Patrekur Ingólfsson nemandi

Ingólfur Sigfússon foreldri

Ómar Þór Guðmundsson grenndarsamfélag

Mat:

Unnið var að innleiðingu og nefndin fundaði þrisvar sinnum á vorönn. Tekin var ákvörðun um að innleiða fyrst fjóra þætti sem eru: heilsa og öryggi, mótuneyti og tannvernd, geðrækt og lífsleikni. Stefnt er að því að hafa heilsuviku einu sinni á önn og byrja á því verkefni í haust.

6. Grunnskóladeild

Hefðir og venjur skólaársins

Margar hefðir og venjur hafa skapast innan skólans í árunna rás. Nokkrar þeirra eru svo gamlar að þær hafa fylgt þeim sem lengstan starfsaldur hafa alla þeirra tíð við skólann en aðrar eru nýrri og sífellt er að bætast við.

Skólaárið hefjum við alltaf á Skólaleikum en þá er nemendum skólans skipt í lið þvert á aldur og keppni í ýmsum óhefðbundnum greinum.

Mat: þetta er skemmtileg hefð og nær að hrista hópinn vel saman.

Undanfarin ár hefur nemendum og kennurum verið boðið í vettvangsferð á sjó á bátum Húna II. Það eru Hollvinir Húna II. sem standa að ferðunum í samstarfi við fræðsludeild Akureyrarbæjar og Háskólann á Akureyri. Í ferðunum fá nemendur að kynnst sjávarútveginum og fræðast um lífríkið í sjó á metnaðarfullan hátt, ásamt sögufræðslu um bátinn og ströndina. Sjávarlíffræðingur frá Háskólanum á Akureyri eða Hafrannsóknarstofnun miðlar til þeirra á líflegan hátt fræðslu um lífríki sjávar, sérkenni fjarðarins og sýnir þeim þurrkaðar sjávarlífverur. Rennt er fyrir fisk og gert að honum með tilheyrandi fróðleik. Að lokum er aflinn grillaður og smakkaður um borð. Fræðsla fer fram í sal (lest), þar sem nemendum eru sýnd gömul fiskileitartæki, veiðarfæri og önnur tilheyrandi tól og sagt frá notkun þeirra. Einnig heimsækja þau skipstjórnann í brúnni sem fræðir þau um stjórnun og siglingartæki skipsins.

Mat: Skemmtileg ferð og nemendur ávallt ánægðir með hana.

Síðustu ár höfum við haldið uppá Dag læsis í september með því að nemendur í eldri deild fara nokkrar ferðir með ferjunni og lesa ljóð og smásögur fyrir farþega.

Mat: Þessi siður er skemmtilegur og hefur fengið góð viðbrögð frá íbúum og gestum sem ferðast með ferjunni.

Hríseyjarskóli

Foreldrakaffi, Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur en þá bjóða nemendur foreldrum og velunnurum skólans í mat eða kaffi og með því í sal Íþróttamiðstöðvarinnar. Að þessu sinni héldum við tæknifyrirkomulagið þar sem nemendur kynntu smáforrit sem notuð eru í kennslu við skólann. Fyrirkomulagið var þannig að nemendur höfðu valdið sér eitt smáforrit og útbjuggu kynningar og settu upp bása. Gestirnir gengu á milli bása og hlustuðu á kynningarnar, skoðuðu og fengu að prófa. Á tveggja mínútna fresti hringdi klukka og þá skiptu gestir um bása en nemendur héldu áfram að kynna sitt smáforrit fyrir næsta hóp. Kynningarnar gengu vel og stóðu allir nemendur sig vel og gaman var að sjá hve ánægðir gestirnir voru. Þar sem um nýjung var að ræða var ákveðið að útbúa rafræna könnun til að meta hvernig til tókst. Gestir voru beðnir um að svara nokkrum spurningum og niðurstöður sýndu að gestir voru ánægðir með þetta fyrirkomulag.

Mat: Ávallt hefur verið vel mætt á þennan viðburð, um 60 manns mættu í ár, og var mikil ánægja með viðburðinn.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var 30 ára þann 20. nóvember, og því var þessi dagur á alþjóðavísu tileinkaður réttindum barna. Í tilefni þess var farið yfir barnasáttmálann með nemendum á sal og síðan haldið nemendabing. Nemendum var skipt þvert á aldur í fjóra hópa og fengu allir hóparnir sama spurningalistann til að ræða um og svara. Hver hópur var með hópstjóra og ritara og gaman var að sjá hversu áhugasamir allir voru við vinnuna. Að lokum hittust allir hóparnir á sal og gerðu grein fyrir sínum niðurstöðum. Í Hríseyjarskóla leggjum við mikið upp úr því að raddir barna og ungmenna heyrist og tókum við því þessu verkefni fagnandi.

Mat: Skemmtilegt verkefni og nemendur tóku virkan þátt og voru áhugasamir. Spurningalista var svarað og skilað til Barnaheilla.

Í desember skera allir nemendur út í laufabrauð til að hafa með þorramatnum í janúar. Þá eru einnig bakaðar og málaðar piparkökur sem hafðar eru með kaffi á litlu jólum

Mat: Þetta er skemmtileg hefð sem við viljum gjarnan halda í. Útgjöld eru óveruleg þó að kaupa þurfi laufabrauð og feiti. Eykur á samkennd nemenda og starfsfólks, þar sem allir hjálpast að við gleðilega iðju í desember.

Síðustu skóladaðana fyrir jól er unnið í jólaundirbúningi, nemendur gera gjafir handa foreldrum, fönðra og skrifa á kort til skólafélaganna og kennara. Stofurnar eru skreyttar með heimatilbúnu jólasakrauti og ávallt bætt við á hverju ári einhverju nýju.

Síðustu ár hefur skapast sú hefð að sækja jólatré upp á ey sem síðan er skreytt á sal skólans. Tréð hefur svo verið flutt í Íþróttamiðstöðina eftir litlu jól og notað þar af Ungmennafélaginu sem sér um jólatrésskemmtun á annan í jólum.

Litlu jólin eru með mjög hefðbundnu sniði en þau hefjast með samveru í bekk kl. 10:00 þar fá nemendur afhent kortin sín, skiptast á jólagjöfum og kennari les jólasögu. Klukkutíma seinna mæta foreldrar, systkini og aðrir aðstandendur á sal skólans ásamt leikskóladeildinni og allir syngja og ganga í kringum jólatré. Jólasveinarnir heimsækja okkur og gefa nemendum mandarínu og eitthvað gott í gogginn. Foreldrar fá kaffi og smákökur sem nemendur hafa bakað í heimilisfræðitímum.

Mat: Desembermánuður er oft ansi annasamur og þarf því að skipuleggja þessa daga vel. Litlu jólin eru skemmtileg uppákoma þar sem allir skemmta sér saman og eiga góða stund fyrir jólafrí.

Hríseyjarskóli

Þorrablót: Á bóndadag höldum við þorrablót kl. 11:00 við borðuðum saman þorramat og laufabrauð. Nemendur fluttu annál og kennarar voru með skemmtiatriði.

Mat: skemmtilegu hefð og allir skemmta sér vel.

Öskudagur er starfsdagur í skólanum, en nemendur hittast utan skólans og slá köttinn úr tunnunni og fara svo í fyrirtæki og stofnanir og syngja, einnig ganga þeir í hús og syngja fyrir íbúa og fá pening fyrir sem fer í ferðasjóð. Seinnipart dags er svo haldið öskudagsball sem foreldrafélagið sér um.

Mat: Upp kom sú hugmynd að hafa öskudagsballið kvöldið áður þar sem margir fara úr eyjunni vegna vetrarfrís.

Árshátíð nemenda hefur nú í mörg ár verið á sumardaginn fyrsta og þannig var það áætlað í ár og voru hafnar æfingar á leikritinu Latibær, en vegna Covid19 varð ekkert af árshátíðinni. Í tengslum við árshátíð er skólablaðið Hríis gefið út og selt, ætlast er til að allir nemendur eigi eitthvað efni í blaðinu. Forsíðukeppni fer alltaf fram og valnefnd velur síðan mynd úr innsendum myndum.

Mat: Árshátíð felld niður vegna Covid19 en skólablaðið kom út í byrjun maí og var gengið í hús og selt.

Síðasta skóladað fyrir páskafrí höfum við skapað þá hefð að nemendur og kennarar hittast á sal skólans og allir fá lítið páskaegg sem við borðum saman, allir lesa sinn málshátt og reynt er að ráða í hvað þeir þýða.

Mat: Þetta gekk vel og nemendum finnst þetta skemmtileg hefð.

Árlega er farin vorferð með alla nemendur skólans, ýmist dagsferð eða gist í eina nótt. Að þessu sinni leit ekki út fyrir að hægt yrði að fara vegna Covid19, en þegar tilslakanir voru gerðar 25. maí var ákveðið að fara í Dagsferð til Húsavíkur, skoða Safnasafnið, fiskatjörnina og fleira, borðað í Dalakofanum á Laugum.

Mat: Vorferð er ávallt skemmtileg og mikil upplifun sérstaklega fyrir yngstu nemendurna sem oft eru að fara í fyrsta sinn í ferðalag án foreldra sinna. Eldri nemendur voru ekki ánægðir með ferðina og má sennilega rekja það til þess að þegar farið er af stað er mikill bruni í eyjunni (frystihúsið) sem þeir hefðu eflaust frekar viljað fylgjast með. Að mati okkar í skólanum var það hárrétt ákvörðun að fara þessa ferð.

Öðruvísi dagar

Uppbrot kennslu er með ýmsum hætti allt skólaárið. Það er algengast að nemendur eða kennarar taki sig saman til að auka fjölbreytni í námi og kennslu á einhvern hátt og yfir eitthvert ákveðið tímabil. Einnig er uppbrot skipulagt hjá öllum nemendum skólans nokkra daga á ári.

Í september fóru nemendur á leikskóladeild og í 2. og 3. bekk á leiksýningu á Dalvík. (List fyrir Alla). Nemendur í eldri deild 8. – 10. bekkur tóku þátt í Stórþingi ungmenna í Hofi á Akureyri þar sem fór fram umræða um stöðu ungmenna í okkar sveitafélagi, ásamt fræðslu um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verkefnið Barnvænt Sveitarfélag.

Í september unnu nemendur verkefni tengt „Plastlaus september“. Við skoðuðum m.a. hvað getum við gert til að minnka notkun á plasti. Í framhaldi af því saumuðum við fjölnota ávaxta- og

Hríseyjarskóli

grænmetisþoka og gáfum Hríseyjarbúðinni til notkunnar. Við saumuðum okkur einnig fjölnota samlokupoka til eigin nota. Frétt um þetta verkefni var á baksíðu Vikudags.

Í október var bleikur dagur og bangsadagur.

Haustfrí var hjá okkur 17.-18 október.

26. nóvember mættu fulltrúar Akureyrarbæjar og áttu fund með nemendum.

29. nóvember voru gluggarnir í skólanum málaðir með fallegum jólamyndum hver nemandi fær einn glugga til að mála, spiluð er jólatónlist og mikið stuð.

Jólaþöndur foreldrafélagsins var 30.nóvember, aðsókn var góð.

19. desember var farið í jólaljóssagöngu um bæinn og endað á Verbúð66 í kakó og smákökum.

Smíðalotan hjá Narfa Björgvinsyni smíðameistara byrjaði í byrjun janúar og stóð yfir í 3 vikur.

Mat: Smíðasmíðjan er gríðarlega vinsæl meðal nemenda og hefur komið vel út að okkar mati, verkefnin eru skemmtileg og fjölbreytt.

19. febrúar fóru nemendur í 9. og 10. bekk í heimsókn í VMA og MA.

Leikskóladeildin fór í árlega lambaferð 27. maí, farið var í Daladýrð.

7. Leikskóladeild

Leikskólastarfið byggir á ákveðnu dagskipulagi, innan þess er þó talsvert frelsi og reynum við að hafa starfið skemmtilegt, afslappað og áhugavert. Vegna þess hve leikskólinn er fámennur, en einungis 2 börn hafa verið hjá okkur í vetur höfum við möguleika á því að styðja meira við hvert og eitt barn. Fámennið gerir okkur einnig kleyft að breyta út af dagskipulagi með stuttum fyrirvara og getum við því unnið auka verkefni og/eða farið í vettvangsferðir eftir því sem áhugahvöt barnanna segir til um. Frjáls leikur í hávegum hafður hjá okkur á leikskólanum og reynir starfsfólkið að hvetja börnin í honum. Frjáls leikur er mikilvægur í öllu leikskólastarfi og þarf að hafa stundir þar sem að starfsfólkið stendur aðeins utan við leikinn og leyfir börnunum að spreyta sig á félagslegum samskiptum. Á þriðjudögum var Lubbastund þar sem nemendur lærðu um íslensku málhjóðin. Farið var í íþróttahús í hreyfistund á miðvikudögum.

Dagskipulag leikskólans

7:45-8:30 : Leikskólinn opnar/frjáls leikur

8:30-9:00: Morgunmatur

9:00-9:30: Samverustund/hópastarf

9:30-11:00: útivera

11:00-11:30: frjáls leikur/val/samverustund

11:30-12:00: Hádegismatur

12:00-12:30: Eldri börn sögustund / yngri hvíld

12:30-14:15: Val/frjáls leikur/útivera

Einungis var eitt barn til 16:00 og fór það í nónhressingu. Eftir nónhressingu reynum við að hlusta á það hvað börnin vilja gera. Oft er það róleg stund eða frjáls leikur.

Starf leikskóladeildar

Leikskólinn opnaði á ný eftir sumarfrí 22. ágúst. Lagt var upp með þemaverkefni fyrir hvern mánuð og unnið út frá því. Einnig var unnið með verkefnið Lubbi finnur málbeinið, verkefnið gefur færi á ótal skemmtilegum og fjölbreyttum leikjum sem ýta undir hljóðanám, stafa- hljóðabekkingu, hljóðvitund og fleiri undirstöðupætti fyrir lestrarnám. Í tengslum við Lubba var unnið með Bee-Bot bjölluna. Bee-Bot bjallan er verkfæri sem hægt er að forrita með því að ýta á takka á bakinu á henni og láta hana fara ákveðnar leiðir. Bee-Bot er skemmtilegur róbóti sem hentar vel til að kenna börnum grunnhugtök forritunar.

September: Þá er þema mánaðarins haustið, útiveran spilar stórt hlutverk þar og má nefna að íþróttatímar eru flestir útivið. Einnig er farið í litina, reglur á leikskólanum og náttúruna.

Október: Þema mánaðarins eru skrímsli, þar læra börnin um líkamann, svo sem hendur, fætur, augu og nef.

Nóvember: Þema mánaðarins eru sögur og ljóð. Börnin hlusta þá á gömul og ný ævintýri og ljóð. Læra sögugerð, þau hvött til að tjá sig og fá æfingu í framkomu.

Desember: Jólin taka öll völd í desembermánuði en lögð er áhersla á að þessi tími sé ljúfur og góður. Börnin læra um hefðir á Íslandi, jólasöngva, útbúa jólagjafir og jólakort svo fátt eitt sé nefnt.

Janúar: Þema mánaðarins er þorrinn þar sem börnin læra allt um þorrann og lífið á Íslandi á árum áður. Hvað sé breytt og hvað sé eins þá og nú.

Febrúar: Þema mánaðarins eru ávextir og grænmeti þar sem nemendur læra um heilbrigði og tannvernd, þá mun hreyfing spila stóran part í mánuðinum.

Mars: Þema mánaðarins eru tölurnar og stærðfræði. Þar læra nemendur á tölurnar, frádrátt, samlagningu, formin, að flokka og fleira.

Apríl: Þema mánaðarins eru páskarnir. Farið var yfir hvað páskarnir standa fyrir, hvað gerðist á páskunum og af hverju haldið er upp á páskana hér á landi.

Mái: Þema mánaðarins er nærumhverfið. Þar var farið yfir með nemendum hvað nærumhverfið okkar hefur upp á að bjóða. Farið verður í heimsóknir í fyrirtæki, félagsamtök og söfn. Þá verður saga bæjarins kynnt fyrir nemendum.

Júní: Leikskóladeildin lokaði í byrjun júní.

Mat: Þemaverkefni gengu vel fyrir sig og tóku á sig ýmsar myndir, þó er alltaf erfitt að vinna með svona fá nemendur í þemaverkefni og verkefni verða oft of einsleit þ.e. verður minna um umræður og spjall. Lubbaverkefnið er frábært og skemmtilegt að tengja Bee-Bot bjölluna við verkefnið, verkefnið var kynnt og sýnt á tæknidaginn.

Öðruvísi dagar

- 13. september: Útidótadagur
 - 27. september: appelsínugulur dagur
 - 11. október: bleikur dagur
 - 25. október: bangsadagur (alþjóðlegi bangsadagurinn 27.október)
 - 8. nóvember: Grænn dagur.
 - 14. nóvember: Foreldrakaffi, börnin buðu íbúum Hríseyjar upp á súpu og brauð í íþróttamiðstöðinni.
 - 22. nóvember: Náttfatadagur
 - 29. nóvember: Gluggaskreyting, börnin máluðu jólamyndir í gluggana.
 - 5. desember: Heimsóttum Hríseyjarkirkju
 - 8. desember: Piparkökur málaðar
 - 12. desember: Kakó og smákökur á Verbúð66
 - 13. desember: Pósthúsferð, farið með jólakort sem börnin höfðu búið til handa öfum og ömmum í póst
 - 16. desember: Baka piparkökur
 - 20. desember: Litlu jól, pakkaskipti. Yndisleg stund sem síðan endaði á því að dansað var í kringum jólatréð og sungið. Einnig kíktu jólasveinar á okkur.
 - 10. janúar: Fjólublár dagur
 - 16. janúar : Bíó og popp dagur
 - 24. janúar: Þorrablót og bóndadagur
 - 31. janúar: Dekurdagur
 - 6. febrúar: Dagur leikskólans, íbúum Hríseyjar boðið að skoða leikskólann og þiggja vöflur og kaffi.
 - 14. febrúar: Rauður dagur
 - 24. febrúar. Bolludagur
 - 25. febrúar. Sprengidagur
 - 26. febrúar Öskudagur –Starfsdagur
 - 27.-28. febrúar Vetrarfrí
 - 6. mars: Dótadagur
 - 20 mars: Blár dagur
 - 30. apríl: Gulur dagur
 - 15. maí: Útidótadagur
 - 27. maí: Lambaferð farið var í sveitaferð í Daladýrð
 - 29. maí: Hjóladagur.
 - 3. júní: Útskrift , tvær stúlkur útskrifuðust af leikskóladeild. Foreldrafélag skólans bauð upp á grillaðar pylsur eftir útskrift.
- Mat:** Flestir þessir atburðir gengu vel fyrir sig. Ýmislegt annað var brallað.

8. Foreldrasamstarf

Samstarf foreldrafélags og skóla

Starfsfólk skólans hefur alltaf átt farsælt samstarf við foreldrafélagið okkar. Hlutverk foreldrafélags er bundið í lög þess en það er m.a. að efla starf í kringum félagslíf nemenda og leggja fram aðstoð við ýmis góð mál sem varða börn og foreldra þeirra í skólanum.

Þá sá félagið um jólaföndur í skólanum og aðstoðaði nemendur í nemendaráði við kaffisölu.

Foreldrafélagið seldi blóm á konudaginn, var með kökubasar. Félagið gaf nokkur Osmo-base til skólans.

Mat: Formleg samskipti skólans/stjórnenda snúast mest um einstaka samvinnuþætti en það er þó alltaf þannig að við vitum af fundum foreldrafélagsins, sem fundar reglulega í skólanum og samvinnan er alltaf góð þegar á þarf að halda. Tilfinning okkar er sú að allir hjálpist að þegar þörf er á.

Samstarf við foreldra

Samstarf við foreldra er alltaf mjög gott og auðvelt er að leita til foreldra til að aðstoða í skólanum.

Vikulega eru sendir heim tölvupóstar (föstudagspóstar), um það sem var verið að gera í báðum deildum skólans, og hvað er framunda. Foreldrar mæta alltaf með börnum sínum í foreldraviðtöl eftir námsmat.

Mat: Samstarf okkar við foreldra gengur lang oftast mjög vel. Foreldrar eru mjög duglegir að mæta á atburði í skólanum.

9. Fagleg vinna og áherslur

Í vetur var unnið við úrbótaáætlun í tengslum við úttekt MMS og komu allir starfsmenn að því.

Í haust var send inn umsókn til Landlæknisembættisins um að skólinn yrði heilsueflandi skóli. Í byrjun árs 2020 var lagt af stað með þá innleiðingu, kosið var í nefnd sem fór fyrir innleiðingunni. Lagt var af stað með fjóra þætti í upphafi: hreyfing, geðrækt, mataræði og tannvernd, og lífsleikni. Þá var farið í gönguátt inn skólans og unnið með hugmynd að heilsuviku.

Mat:

Gekk vel fram að Covid. Nefndarmaður úr nærsamfélaginu náði aldrei að mæta en aðrir voru virkir.

10. Bókasafn

Bókasafn Hríseyjar er staðsett í Hríseyjarskóla og hafa nemendur alltaf aðgang að safninu og geta sótt þangað bækur, annars er safnið er opið einu sinni í viku tvo tíma í senn. Skólinn kaupir inn bækur eftir getu en síðan eru einnig keyptar bækur á almenningssafnið. Bækur skólans eru allar sér skráðar og merktar.

Mat: Bókasafnið er vel nýtt af nemendum og kennurum, þarf að auglýsa það betur út í samfélagið og þörf er á tiltekt og endurskipulagningu.

11. Mötuneyti

Mötuneyti hefur verið starfrækt við skólann síðan 2001 og þjónar það jafnt leik- og grunnskóladeild og starfsfólki. Boðið er upp á morgunverð kl.8:30 og hádegismat fjóra daga vikunnar, frá mánudegi til fimmtudags. Í mötuneyti skólans er kappkostað að bjóða nemendum upp á hollan og næringarríkan mat. Matseðill er aðgengilegur á heimasíðu skólans fyrir einn mánuð í senn. Nýting á mötuneyti hefur verið mjög góð. Matráður er Helena Sólrún Hilmarsdóttir.

Mat: Almenn ánægja er með mötuneytið.

12. Búnaður og innkaup

Öll innkaup eru vel ígrunduð. Í ár bættum við ípöðum fyrir nemendur og eigum því 16 ípada auk þess sem kennarar hafa allir ípad. Á leikskóladeildinni eru til 2. Ein Mac book air tölva var keypt til að styðja betur við ípada. Settar voru upp rúllugardínur á efri hæð skólans.

Mat: Lagt hefur verið kapp á aðhald í rekstri og innkaupum.

13. Skýrslur frá kennurum

Skýrsla kennara í 2.-5. bekk

Tölulegar upplýsingar:

Haustið 2019 byrjuðu 6 börn í deildinni, 1 strákur í 2. bekk, 1 stúlka og 1 strákur í 3. bekk og 1 strákur í 4. bekk (þýskumælandi) og 2 strákar í 5. bekk. Umsjónarkennari var Vilborg Valgeirsdóttir. Auk þess kenndu Þórunn Arnórsdóttir og Hrund Teitsdóttir.

Skipulag námsins:

Íslenska var í höndum Þórunnar og var unnið með heildstæð verkefni og nokkrar bækur teknar fyrir s.s. Sagan af Bláa hnettinum, Litlu landnemarnir, Í sveitinni með Æsu og Gauta og fleiri. Að einhverju leiti var unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis og fleiri aðferðum. Því er lögð áhersla á samvinnu nemenda um leið og einstaklingsþörfum er mætt. Miðað er við að námið sé fjölbreytt og athafnamiðað og er stöðvavinna og samvinna rauður þráður í vinnunni.

Hrund kenndi stærðfræðina og nýtti Numicon og fleira við kennsluna. Samfélags og náttúrufræði var kennd saman og sá Vilborg um það þar var unnið í ýmsum þemaverkefnum s.s. landafræði Íslands, hafið og margt fleira. Vinnan gekk vel og voru nemendur áhugasamir um land og þjóð. Verkgreinar eru kenndar í lotum Þórunn kenndi myndmennt og textíl, heimilisfræði og sundkennsla var í höndum Vilborgar, Hrund kenndi upplýsinga og tæknimennt. Allir fóru svo daglega í hreyfistund þar sem lögð er áhersla á almenna hreyfingu úti og inni.

Mat: Vel gekk með þennan hóp í vetur þrátt fyrir að eitt og annað hafi komið upp á. Það er stöðugt verið að ígrunda það sem gert er í læsiskennslu, hvers vegna, hverju það skilar og hvað er hægt að

gera til að bæta árangurinn enn frekar, en þess má geta að það var bæting hjá öllum nemendum í lestri.

Skýrsla kennara í 6. – 8. bekk

Tölulegar upplýsingar: Haustið 2019 byrjuðu 6 nemendur í deildinni: 2 drengir (annar þýskumælandi) og 2 stúlkur í 6. bekk og 1 stúlka og 1 drengur í 7. bekk. Umsjónarkennari var Hrund Teitsdóttir auk hennar kenndu Þórunn Arnórsdóttir og Vilborg Valgeirsdóttir.

Skipulag námsins: Íslenska 6 tímar á viku, stærðfræðitímar 5 á viku, ensku- og dönskutímar 4 á viku, samfélags og náttúrufræði 5 á viku, verkgreinar kenndar í lotum. Að hluta til var þessi hópur með elstu nemendum og gekk upp og ofan sökum þess hve mikill aldurs- og þroskamunur er á nemendum. Í íslensku lásu við bókina Þeð á plánetunni jörð og sköpuðust heilmiklar umræður um bókina. Einnig fór fram kennsla í stafsetningu og málfræði. Eftir áramót völdu nemendur sér kjörbók og unnu verkefni henni tengd. Í stærðfræði var unnið með alla helstu þætti en aukin áhersla lögð á almenn brot, tugabrot, prósentureikning og algebru á vorönn. Enska og danska voru ýmist einstaklings- eða samvinnuverkefni og lagður var grunnur að orðaforða í dönsku en meiri áhersla á hlustun og lesskilning í ensku. Nokkur verkefni voru unnin með bæði mið- og elstastigi t.d. var sagan Holes lesin saman og verkefnin unnin samhliða lestrinum og í dönsku var unnið þemaverkefni um mat. Í upplýsinga- og tæknimennt var lögð áhersla á blokkaforritun og einfalda myndvinnslu. Í samfélags- og náttúrufræði unnum við með landafræði Íslands, mannlíkamann, fjörðinn okkar en það verkefni var samþætt við upplýsinga- og tæknimennt og íslensku.

Skýrsla kennara í 8. – 10. bekk

Tölulegar upplýsingar: Haustið 2019 byrjuðu 4 nemendur í deildinni: einn drengur í 8. bekk, 2 drengir í 9. bekk, og 1 stúlka í 10. bekk. Umsjónarkennari var Hrund Teitsdóttir auk hennar kenndu Þórunn Arnórsdóttir og Vilborg Valgeirsdóttir. Samkenntla var með 6. og 7. bekk í nokkrum tímum.

Skipulag námsins: Í íslensku var bókina Laxdæla tekin fyrir og nemendur unnu verkefni úr henni. Einnig var unnið í málfræði og stafsetningu. Örlítið var fjallað um ljóð. Eftir áramót lásu nemendur bókina Sjóræninginn sem er sjálfsævisaga eftir Jón Gnarr. Gekk það ágætlega. Í stærðfræði var unnið með alla helstu þætti en aukin áhersla lögð á rúmfræði og algebru í 9. bekk en fjármálalæsi í 10. bekk. Enska og danska voru ýmist einstaklings- eða samvinnuverkefni og var áhersla á hlustun og lesskilning í ensku. Nokkur verkefni voru unnin með bæði mið- og elstastigi t.d. var sagan Holes lesin saman og verkefnin unnin samhliða lestrinum og í dönsku var unnið þemaverkefni um mat. Í upplýsinga- og tæknimennt lærðu nemendur að búa til heimasíðu og fengu gestakennara í forritun. Auk þess tók nemandi í 9. bekk þátt í því að taka upp og klippa kynningarmyndband um skólann sem frumsýnt var í maí. Í samfélags- og náttúrufræði unnum við með landafræði heimsins, fjörðinn minn (sjá 6. – 8. bekk) og mannlíkamann.

14. Lokaorð

Þá er komin út ársskýrsla Hríseyjarskóla fyrir leikskóla- og grunnskóladeild. Skólustarf gekk í heild sinni vel í vetur en þó rekum við okkur alltaf á að eitt og annað má bæta. Þá má geta þess að veturinn

Hríseyjarskóli

einkenndist af illviðri og veiru eftir áramót. Við gátum að mestu leiti haldið úti fullu skólastarfi þá voru nokkrir nemendur sem kusu að vera heima og sinna náminu þaðan. Það var leyst með daglegum fundum á Teams með nemendum.

Skýrslan verður birt á heimasíðu skólans.

Þórunn Björg Arnórsdóttir